

Fangelsismálastofnun ríkisins og Götusmiðjan gera með sér svohljóðandi

Samkomulag

um vistun afplánunarfanga á meðferðarheimilinu Götusmiðjunni Akurhóli

1. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við Götusmiðjuna hvaða afplánunarfangar skuli vistaðir þar. Taka skal tillit til aldurs viðkomandi og brotaferils. Starfsmaður Götusmiðjunar tekur þátt í vali á fanga með því að hitta viðkomandi einu sinni til tvisvar áður en til meðferðar í Götusmiðjunni kemur. Miðað er við að ekki verði vistaðir fleiri en einn til tveir fangar á meðferðarheimilinu á sama tíma og að þeir verði að jafnaði ekki vistaðir þar skemur en 10 vikur í senn.

2. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður hvaða skilyrði gilda um vistun afplánunarfanga á meðferðarheimilinu.

Forsendur fyrir vistun eru að fangi samþykki skilyrði samkvæmt samkomulagi þessu og önnur skilyrði er Fangelsismálastofnun setur fyrir vistun þar.

Forráðamönnum meðferðarheimilisins er heimilt að vísa fanga af heimilinu án tafar teljist hann ekki uppfylla skilyrði er gilda um vistun þar. Slík brottvísun fer fram í samvinnu og samráði við fangelsismálastofnun og mun fangelsismálastofnun sjá um að sækja viðkomandi á meðferðarheimilið.

3. gr.

Fanga er óheimilt með öllu að yfirgefa meðferðarheimilið nema í fylgd með meðferðaraðila í tengslum við meðferðarstarf eða eftir atvikum með sérstöku samþykki Fangelsismálastofnunar.

Yfirgefi fangi meðferðarheimilið án heimildar er litið á slíkt sem stök úr refsivist og lok á meðferð.

4. gr.

Fangi skal fara í einu og öllu að fyrirmælum Fangelsismálastofnunar og forráðamanna meðferðarheimilisins. Starfsmönnum Fangelsismálastofnunar er heimilt að heimsækja fanga að höfðu samráði við starfsmenn meðferðarheimilisins.

5. gr.

Meðferðarheimilið skal tilnefna starfsmann sem sér um og ber ábyrgð á samskiptum Fangelsismálastofnunar og heimilisins er lýtur að framkvæmd og tilhögun vistunar fanga.

6. gr.

Meðferðarheimilinu er skylt að tilkynna Fangelsismálastofnun tafarlaust um öll frávik frá þeim reglum er gilda um vistun fanga þar. Á skrifstofutíma skal haft samband við starfsmann Fangelsismálastofnunar í síma 520-5000. Á öðrum tímum skal haft samband í bakvaktarsíma Fangelsismálastofnunar 892-2794.

7. gr.

Fangelsismálastofnun greiðir kr. á mánuði fyrir vistun fanga á meðferðarheimilinu eftir á, samkvæmt framlögðum reikningi. Sé fangi vistaður hluta úr mánuði er einungis greitt fyrir þann tíma. Fangelsismálastofnun greiðir fanga dagpeninga samkvæmt reglugerð nr. 961/2005.

8. gr.

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og er gagnkvæmur uppsagnarfrestur 1 mánuður.

Samkomulagið byggir á 24. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Reykjavík, 5. apríl 2006

F.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins
Valtýr Sigurðsson (sign)

F.h. Götusmiðjunar
Guðmundur Týr Þórarinsson (sign)